



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Ársskýrsla 2023

Faxaflóahafnir



EFNISYFIRLIT

	bls.
Ávarp hafnarstjóra	4 - 5
Ávarp stjórnarformanns	7
Stjórn	8 - 9
Faxaflóahafnir í hnotskurn	10 - 11
Umhverfi	11
Áfangar árið 2023	12 - 13
Framkvæmdir ársins 2023.....	14 - 15
Virðisaukning í komu skemmtiferðaskipa.....	16 - 17
Öryggismál í öndvegi.....	18 - 19
Áherslur í umhverfismálum	20 - 21
Skipulags og lóðamál	22
Ársreikningur.....	23 - 45

I. Að nausti

Í vari hvíli fagurt fley
fánum skrytt í stafni
Bíð ég enn að byr mér gefi
og báran skipi vaggi.
Leitað hef ég lengi skjóls.

Nú mun sigla um höf í höfn
þó hamist norðan stormur.
Í ölduróti og iðuköstum
áfram beiti seglum.
Þá vind á móti í fangið fæ.

Í dag mun heim í naustið ná
og nóttu dimmri gleyma.

Reynir Arngrímsson - 1959
Ljóð af ljod.is



Ávarp

Hafnarstjóra

Árið 2023 var félaginu hagfelld, bæði frá sjónarmiði öryggismála og reksturs. Fjögur fjarveruslys voru skráð á árinu og fimm skyndihjálpar-slys. Rekstrartekjur félagsins námu 5.639 m.kr. og hagnaður af reglulegri starfsemi 1.117 m.kr.

Á árinu greiddi félagið 1.646 m.kr. í arð til eigenda og er það hærri upphæð en nokkru sinni fyrr. Arðgreiðslan er í samræmi við nýlega arðgreiðslustefnu sem tekur tillit til væntra fjárfestinga og eykur fyrirsjáanleika í sjóðstreymi félagsins. Fyrir félaginu liggur áætlun um fjárfestingar á næstu árum sem eru töluvert umfram það sem áður hefur sést.

Framkvæmdir hófust við endurnýjun og lengingu aðalhafnargarðs á Akranesi á árinu auk þess að ráðist var í ýmiss stærri viðhaldsverkefni. Landtenging fyrsta skemmtiferðaskipsins í okkar höfnum fór fram á Faxagarði í september s.l. og áfram er unnið að uppbyggingu og fleiri tengingum.

Hönnun og bygging nýrrar farþegamiðstöðvar á Skarfabakka var boðin út og eru framkvæmdir þar nú hafnar. Áætlun gerir ráð fyrir að



miðstöðin verði tilbúin fyrir sumarvertíð skemmtiferðaskipa árið 2026. Markmið með þeirri byggingu er að auka þjónustustig fyrir farþega þeirra skipa sem hér stunda s.k. farþegaskipti og festa þau viðskipti frekar í sessi.

Þann 26. maí 2023 varð alvarlegt öryggisatvik í Sundahöfn þegar farþegaskipið Norwegian Prima rak undan sterkum vestanvindi í átt að Viðey. Mátti litlu muna að það tæki niðri á grynningum við eyjuna, en m.a. fyrir snærræði hafnsögumanns og skipstjóra dráttarbátsins okkar Magna tókst að forða því. Þetta atvik ásamt öðrum sem tengjast komu slíkra stórra skemmtiferðaskipa til hafna landsins vekur okkur til umhugsunar um hvort við séum að gera nægilega mikið til að tryggja

öryggi þeirra. Siglingaráð er nú með til umfjöllunar tillögu frá undirrituðum að gerð verði heildarúttekt á öryggismálum þessara skipa hér við Íslandsstrendur.

Gunnar Tryggvason
Hafnarstjóri





Ávarp

Stjórnarformanns

Eigendur Faxaflóahafna samþykktu nýja eigendastefnu fyrir félagið í upphafi síðasta árs. Í kjölfarið varð mikil endurnýjun í stjórn þess. Stjórnarmönnum fækkaði um einn og eru nú sjö talsins. Samkvæmt samningum skulu þrír þeirra óháðir eigendum félagsins og er það nýlunda. Markmiðið með þessari breytingu er aukin breidd, enda koma óháðu fulltrúarnir úr atvinnulífinu og hafa aðra reynslu og sjónarhorn en bæjar- og borgarfulltrúar.



Undir lok árs hófst vinna við mótun nýrrar stefnu Faxaflóahafna. Stefnumótunarferlið hefur staðið yfir undanfarna mánuði og hafa stjórn og starfsmenn tekið virkan þátt í þeirri vinnu. Vonir standa til að ný stefna verði kynnt í haust.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Formaður stjórnar Faxaflóahafna



Stjórn Faxaflóahafna

Ný stjórn Faxaflóahafna sf. var kjörin á eigendafundi í janúar og á sama fundi var undirritaður sameignarfélagssamningur félagsins og eigendastefna. Í nýrri stjórn sitja sjö fulltrúar í stað átta áður og eru þrjár fulltrúar óháðir, þ.e. sitja ekki í sveitarstjórnnum.



Fyrir hönd Reykjavíkurborgar:

Aðalmenn:

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður
Hildur Björnsdóttir
Már Másson
Ragnheiður H. Magnúsdóttir

Varamenn:

Pawel Bartoszek
Friðjón Friðjónsson
Íris Baldursdóttir
Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir

Fyrir hönd Hvalfjarðarsveitar:

Aðalmaður:

Helga Harðardóttir

Varamaður:

Andrea Ýr Arnarsdóttir

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar:

Aðalmaður:

Guðmundur Ingþór Guðjónsson

Varamaður:

Ragnar B. Sæmundsson

Sameiginlegur fulltrúi:

Aðalmaður

Páll Brynjarsson

Varamaður

Guðjón H. Guðmundsson

Faxaflóahafnir í hnotskurn - Lykiltölur 2023

01.

Fyrirtækið

LÓÐIR	HÚSEIGNIR	STÖÐUGILDI
3.238.000 m ²	24.697 m ²	76

02.

Flutningar

LANDAÐUR AFLI	FARMUR
119.225 tonn	439.228 gámaeiningar (TEU)

03.

Farþegaflutningar

KOMUR	FARÞEGAR
262	306.311

04.

Heildartekjur

5.639 m.isk

Skipting tekna

FISKUR	FÓLK	EIGNATEKJUR	ÖNNUR SKIP	FARMUR
409 m.isk	1.431 m.isk	1.201 m.isk	295 m.isk	2.303 m.isk



Skipakomur

1555 Skip

AUKNING FRÁ 2022

7,2% ↗

Umhverfi

Hvað er EPI?

EPI er umhverfiseinkunnakerfi fyrir skemmtiferðaskip að norski fyrirmynd en því fylgir ívilnun eða álögur eftir umhverfishegðun skipa á hafnarsvæði. Faxaflóahafnir eru fyrstu hafnir utan Noregs sem tóku upp EPI einkunnarkerfið og tengja

það við gjaldskrá sem gert var á árinu 2023. EPI gerir höfn-um kleift að skilgreina umhverfisspor skemmtiferðaskipa á meðan viðkomu stendur. Komið er á

fjárhagslegu hvatakerfi til umhverfisvænni og sjálfbærari rekstrar skemmtiferðaskipa og þannig er aukinn ávinningur þess að koma til Faxaflóahafna með umhverfisvænni skip. Skemmtiferðaskipum ber að skila inn gögnum til mats á umhverfisframmi- stöðu í höfn eigi síðar en 72 klst. eftir brottför. Á grunni þeirra gagna fær hvert skip EPI einkunn milli 0 (verst) og 100 (best).

41,1 Meðal EPI einkunn

VIÐMIÐ (MEÐALTAL FRÁ NOREGI)

45,7

Samkeppni um fjölnota farþega- miðstöð

Faxaflóhafnir efndu til samstarfssamkeppni vegna hönnunar og byggingar á fjölnota farþegamiðstöð á Skarfabakka í Sundahöfn. Sigurtillagan var tillaga teymis ÍAV, VSÓ og BROKKR STUDIO.

EPI í framkvæmd

Umhverfiseinkunnakerfið EPI var innleitt fyrir skemmtiferðaskip í gjaldskrá 2023 sem styður við betri umhverfisegðun skipa á hafnarsvæði og og sem ætti að leiða til minnkandi umhverfisáhrifa skemmtiferðaskipa.

Framkvæmdir hefjast á Akranesi

Akranshöfn - Nýr hafnarbakki við Aðalhafnargarð er heiti verksins á Akranesi þar sem m.a. annars er unnið að því að dýpka við innsiglingu, reka niður 245 metra langt stálþil o.fl.



JANÚAR

MARS

2023

APRÍL

Sjóferð um sundin

Samstarf Faxaflóahafna og Fjölskyldu- og húsdýragarðsins var endurnýjað með samstarfssamningi um verk efnið Sjóferð um sundin. Þar er grunnskólabörnum sveitarfélaga Faxaflóahafna boðið í siglingu á Faxaflóa undir leiðsögn starfsmanna Fjölskyldu- og húsdýragarðsins eins og síðustu tvo áratugina.

JÚNÍ

Sjómannadagurinn

Sjómannadagurinn var haldinn hátíðlegur þann 4. júní en að þessu sinni var Jón Jónsson skemmtanastjóri. Boðið var upp á fjölda listamanna sem komu fram á tveimur sviðum auk þess sem skemmtilegir viðburðir eins og hinn sígildi koddaslagur, fiskisúpusmakk og furðufiskasýning voru á sínum stað. Sjómenn voru heiðraðir í Hörpu og boðið var upp á siglingu með varðskipinu Freyju.

Fyrsta LNG áfylling

Í fyrsta skipti í Reykjavík var framkvæmd áfylling á skip með fljótandi jarðgasi, LNG. Skemmtiferðaskipið Le Commandant Charcot lá þá við Skarfabakka og fékk áfyllingu frá gasflutningaskipinu Coral Energy. Coral Energy kom sérstaklega til Íslands til þess að framkvæma þessa áfyllingu. Alls var dælt um 2.000 m³ af fljótandi gasi milli skipanna og gekk aðgerðin í alla staði vel.

Vígsla Safnabryggja

Boðað var til vígslu á nýrri trébryggju í Vesturbugt hjá Sjóminjasafninu í Reykjavík á Menningarnótt 19. ágúst. Hin nýja bryggja kemur í stað bryggju sem þar stóð þegar þróun og uppbygging Grandagarðs hófst um miðbik síðustu aldar. Það var Jón Þorvaldsson, fyrrum aðstoðarhafnarstjóri sem vígði hana formlega og gaf henni nafnið Safnabryggja.

ÁGÚST

OKTÓBER

Stærsta vertíð skemmtiferðaskipa í sögu Faxaflóahafna lokið

Skemmtiferðaskipavertíð Faxaflóahafna 2023 hófst þann 28. mars með komu skipsins Ambience, sem lagðist að Skarfabakka og farþegar nutu þar stórbættar aðstöðu. Vertíðinni lauk þann 14. október þegar Pacific World sigldi úr höfn. Í heildina komu 99 skemmtiferðaskip til Reykjavíkur og Akraness í alls 261 skipakomum.

NOVEMBER

JÚLÍ

SEPTEMBER

Fyrsta landtenging skemmtiferðaskips í Reykjavík

Leiðangursskipið Maud frá norska skipafélaginu Hurtigruten var fyrsta skemmtiferðaskipið til að landtengjast rafmagni í Gömlu höfninni í Reykjavík þann 19. september. Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra vígði í tilefni þess nýja landtengingu Faxaflóahafna við Faxagarð.

DESEMBER

Ljósín á Hamborgartrénu tendruð

Jólastemningin mætti á Miðbakkann þegar jólasveinar sigldu inn í gömlu höfnina á Magna og spjölluðu við börn og gesti við fiskisúpukatlana. Þessi skemmtilegi viðburður er byggður á því að íslenskir sjómenn sem komu í höfn í Hamborg eftir seinna stríð elduðu fiskisúpu handa svöngu fólki meðan landað var úr togaranum þeirra. Sem þakklætisvott komu hafnaryfirvöld í Hamborg á þeirri hefð árið 1965 að senda jólatré til Reykjavíkurhafnar. Ekki er lengur siglt með grenitréð frá Þýskalandi vegna umhverfissjónarmiða, og hafa Faxaflóahafnir þess vegna keypt tré hjá Skógræktinni í seinni tíð.



Framkvæmdir ársins 2023

Á árinu 2023 var unnið að uppsetningu á nýrri hafnarvog á nýjum stað við Grandabakka samhliða innréttingu á aðstöðu fyrir vigtarmenn, að Grandagarði 16. Nýja aðstaðan og hafnarvogin voru formlega tekin í notkun árslok en beðið var með vígslu fram yfir áramótin. Í september var fyrsta farþegaskipið tengt við nýjan landtengibúnað á Faxagarði. Á árinu var einnig unnið áfram að landtengiverkefnum í fleiri höfnum og er gert ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki á næstu þremur árum. Ný bryggja var vígð í ágúst í Vesturbugt og hlaut hún nafnið Safnabryggja. Þessi bryggja kemur í stað eldri bryggju sem stóð áður á Grandagarði frá um miðbik síðustu aldar.

Undirbúningur og framkvæmd á samkeppni um nýja farþegamiðstöð fór fram á árinu og er undirbúningur vegna framkvæmdanna komnar á fullt skrið. Efra malbikslag á Sundabakka var lagt auk þess voru ýmsar viðhaldsmalbikunarframkvæmdir á svæðum Faxaflóahafna. Á Akranesi fór af stað framkvæmd við lengingu á Aðalhafnargarði, þar sem fyrstu verkþættir voru dýpkun og fylling. Einnig var byrjað á niðurrekstri stálþils á Akranesi tengt lengingu á hafnargarðinum.

Á árinu 2024 er áætlað að fjárfestingar verði tæpir 4 milljarðar. Stærsta verkefnið verður bygging nýrrar fjölnota farþegamiðstöðvar á

"Á árinu 2024 er áætlað að fjárfestingar verði tæpir 4 milljarðar,,

Skarfabakka þar sem framkvæmdir fóru af stað á vormánuðum. Lenging Aðalhafnargarðs á Akranesi mun einnig halda áfram í framkvæmd auk þess sem stefnt er á að fara í stóra dýpkunar framkvæmd í Sundahöfn til að auka öryggi stærri skipa sem um höfnina fara. Framkvæmdir við uppsetningu á landtengibúnaði á Miðbakka og Austurbakka í Gömlu höfninni verða kláraðar í upphafi sumars og ættu þá öll skip að geta landtengst sem koma í Gömlu höfnina og hafa búnað um borð til þess. Auk þessa verða svo fjölmörg minni verkefni á dagskrá á árinu.



Virðisaukning í komu skemmtiferðaskipa

Mikil breyting hefur orðið á fjölda og samsetningu ferðamanna sem koma hingað til lands með skemmtiferðaskipum. Aukning hefur orðið bæði í fjölda farþega sem og fjölda skiptifarþega. Skiptifarþegar eyða talsvert meira en aðrir farþegar enda kaupa þeir flug og gistingu þegar þeir koma til landsins.

Skiptifarþegar hafa aldrei verið fleiri en árið 2023 þegar þeir voru tæplega 149 þúsund talsins eða um 48,5% af heildarfarþegum til Reykjavíkur með skemmtiferðaskipum. Er þetta umtalsverð breyting þar sem skiptifarþegar voru um 51 þúsund árið 2022 og hafði fjöldinn aldrei farið yfir 20 þúsund fram til þess árs. Þessi þróun, þ.e. aukinn fjöldi og aukið vægi skiptifarþega, er mikilvæg þar sem skiptifarþegar skilja eftir sig töluvert stærra spor í efnahagslífinu en aðrir farþegar. Skiptifarþegar kaupa m.a. flug og gistingu og dvelja því lengur á Íslandi en aðrir farþegar skemmtiferðaskipa.

Vaxandi farþegafjöldi

Með auknum fjölda farþega sem koma hingað til lands með skemmtiferðaskipum hefur virði greinarinnar vaxið mikið á undanförunum árum og var efnahagslegt umfang metið á rúmlega 37 milljarða árið 2023 samkvæmt skýrslu Reykjavík Economics sem unnin var fyrir Faxaflóahafnir. Þar kom jafnframt fram að farþegafjöldinn hefur tífaldast á tveimur áratugum og tvöfaldast frá árinu 2018. Heildareyðsla ferðamanna af skemmtiferðaskipum er um 22-30 milljarðar. Samhliða þessum vexti hafa tekjur íslenskra hafna aukist mikið og námu um 3,4 milljörðum króna árið 2023.


Á sama tíma og vöxtur er innan greinarinnar þá vinna margar skipaútgerðir að umhverfisvænni lausnum. Hafnir og skipaútgerðir hafa hafið markvissa vegferð til að draga úr umhverfisáhrifum. Faxaflóahafnir hafa innleitt „Environmental Port Index“ og bjóða í vaxandi mæli upp á landtengingu í formi rafmagns fyrir minni skemmtiferðaskip. Áætlanir eru um að bjóða upp á það sama fyrir stærri skip árið 2027.



Bandaríkjamenn stærsti hópurinn

Bandaríkjamenn skipa stóran hluta farþega með skemmtiferðaskipum eða um 39% af farþegum sem fara um hafnir Faxaflóahafna. Næst koma Þjóðverjar sem telja um 23% af farþegafjölda og Bretar sem telja um 17% af farþegafjölda um hafnir Faxaflóahafna.

Skipting farþega



Öryggismál í öndvegi


Faxaflóahafnir leggja mikla áherslu á öryggismál og skráningu allra atvika. Er það mikilvægt til að koma í veg fyrir alvarlegri slys og til að tryggja öryggi allra á vinnustaðnum.

Alls bárust 143 ábendingar sem er töluverð fjölgun á milli ára. Faxesflóahafnir líta á það sem jákvæða þróun þar sem skráning ábendinga er ígildi tækifæri til úrbóta og eykur líkur á að hægt sé að koma í veg fyrir endutekningar og eða alvarlegri atvik. Að því sögðu er það áhyggjuefni að skráningum slysa fjölgi á milli ára.


Stefna Faxesflóahafna er að enginn verði fyrir slysi í vinnu hjá fyrirtækinu. Því er miður að fjarveruslysum fjölgar um eitt á milli ára og sömuleiðis fjölgar skyndihjálparslysum um eitt. Fjölgun á þeim atvikum sem eru skráð sem næstum slys er þó jákvæð því hver slík skráning felur í sér tækifæri til að koma í veg fyrir alvarlegt slys.

Skráning á tjónum og óhöppun getur sveiflast á milli ára. Í heildina er töluverð fækkun á þessum skráningum. Munar þar mestu um skráningar tjóna á hafnarmannvirkjum og búnaði. Allar ábendingar sem eru flokkaðar sem meiriháttar fá efnislega umfjöllun, unnið er að rannsókn, greining á orsökum og fyrirbyggjandi aðgerðum.


Ábendingar / kvartanir 2022-2023



Vinnuvernd-slys 2022-2023



Tjón/óhöpp




Áherslur í umhverfismálum

Faxaflóahafnir starfa samkvæmt vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi ISO 14001 og í samræmi við öryggis, heilbrigðis- og umhverfisstefnu fyrirtækisins. Lögð er áhersla á að vera leiðandi og til fyrirmyndar í umhverfismálum, draga úr umhverfisáhrifum frá starfseminni, vinna að stöðugum úrbótum og fylgjast með frammi-stöðu í umhverfismálum.

Í grænu bókhaldi er haldið utan um og upplýst um árangur í umhverfismálum. Þar á meðal eru upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni í samræmi við aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol. Árið 2023 voru 60% ökutækja í eigu Faxaflóahafna knúin hreinorku, 16 rafbílar og einn metanbíll. Innkaup á jarðefnaeldsneyti árið 2023 dróst við saman um 44% samanborið við árið 2016 á sama tíma og umfang starfseminnar jókst umtalsvert.

Fjöldi ökutækja eftir orkugjafa í eigu Faxaflóahafna á árunum 2016-2023.




Losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi Faxaflóahafna árið 2023 er 1.313 tonn CO₂ ígildi. Losunin hefur aukist undanfarin ár með auknum umsvifum en stendur nú nánast í stað á milli áruna 2022 og 2023. Líkt og síðustu ár er

Það framleiðsla og bruni jarðefnaeldsneytis á dráttarbátum og ökutækjum sem veldur miklum meirihluta losunarinnar. Unnið er að kolefnisbindingu með eigin skógrækt og endurheimt eigin votlendis sem árið 2023 nam 1.772 tonnum CO₂ ígilda. Þar af voru 1.196 tonn CO₂ ígilda bundin með endurheimt votlendis Katanestjarnarinnar og 576 tonn CO₂ ígildi bundin í skógi. Markmið Faxaflóahafna er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá allri starfsemi og verður áfram unnið að orkuskiptum og stuðlað að því að draga úr losun frá siglingum dráttarbáta.

Í útstreymisbókhaldi fyrir skipakomur til Faxaflóahafna árið 2023 er forðuð losun vegna rafmagnstenginga í höfnum 2.033 tonn CO₂ ígildi það ár. En losun mengandi efna frá skipum jókst á milli árána 2022 og 2023 sem rekja má til aukins fjölda farþegaskipa. Meirihluti losunarinnar á sér stað við bryggju (79%) og því munu rafmagnstengingar í höfnum á komandi árum gera það kleift að draga verulega úr losun frá skipakomum til Faxaflóahafna.

Faxaflóahafnir hafa rekið loftgæðamælistöð í Laugarnesi í tvö starfsár, 2022 og 2023 til þess að átta sig á áhrifum útblásturs skipa á nærliggjandi umhverfi. Mælingarnar eru aðgengilegar í rauntíma, á vef Umhverfisstofnunar www.loftgaedi.is. Niðurstöður fyrir árið 2023 eru aðgengilegar á vef Faxaflóahafna, en styrkur er í öllum tilvikum vel undir umhverfismörkum reglugerðar árið 2023 líkt og árið 2022.

Losun gróðurhúsalofttegunda frá Starfsemi Faxaflóahafna og kolefnisbinding 2016-2023



Skipulags og lóðamál

Vinna við þróunaráætlun Gömlu hafnarinnar sem hófst á árinu 2022 var haldið áfram og voru drög að henni lögð fyrir stjórn og skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar. Áframhaldandi vinna er í gangi og fyrirhugað er að ráðgjafateymi ljúki vinnunni á árinu 2024. Áfram var unnið að hugmynda- vinnu varðandi skipulag í Sundahöfn en ljóst er að ákvörðun um legu og gerð Sundabrautar mun hafa áhrif á starfsemi í Sundahöfn og þarf skipulag að taka mið af því. Breyting var gerð á deiliskipulagi á Skarfabakka vegna fyrirhugaðrar byggingar á nýrri farþegamiðstöð. Unnið var að breytingu á deili- skipulagi við Katanestjörn á Grundartanga.





2023

Ársreikningur
Faxaflóahafnir sf.

Stjórn félagsins Faxaflóahafnir sf.:

Aðalmenn

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður

Guðmundur Ingbór Guðjónsson

Helga Harðardóttir

Hildur Björnsdóttir

Már Másson

Páll Brynjarsson

Ragnheiður H. Magnúsdóttir

Varamenn

Andrea Ýr Arnarsdóttir

Friðjón Friðjónsson

Guðjón H. Guðmundsson

Íris Baldursdóttir

Pawel Bartoszek

Ragnar B. Sæmundsson

Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir

Hafnarstjóri:

Gunnar Tryggvason

Kjörinn endurskoðandi:

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Theodór S. Sigurbergsson

löggiltur endurskoðandi

Skýrsla og áritun hafnarstjóra og hafnarstjórnar

Faxaflóahafnir sf. annast rekstur hafna og hafnar-svæða á Akranesi, Borgarnesi, Grundartanga og Reykjavík.

Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Í stjórn félagsins sitja sjö stjórnarmenn, fjórar konu og þrír karlar.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins 1.536,7 millj.kr. á árinu. Eigið fé félagsins í lok árs var jákvætt um 18.122,6 millj.kr. en var um 18.231,9 millj.kr. í byrjun árs. Arðgreiðsla er í samræmi við arðgreiðslustefnu sem samþykkt var af Hafnarstjórn á 233. fundi stjórnar, þann 30. júní 2023 og að uppfylltum skilyrðum 3. gr. reglugerðar nr. 798/2009 um Faxaflóahafnir. Hafnarstjórn leggur til að á árinu 2024 verði úttekt vegna afkomu rekstrarársins 2023 til eigenda að fjárhæð 84 millj.kr. Að öðru leyti vísast til ársreiknings varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári.

Meðalfjöldi stöðugilda hjá félaginu á árinu umreiknaður í heilsársstörf var 76 og launagreiðslur félagsins námu um 1.346,1 millj.kr.

Þróun í starfsemi félagsins og markverðir atburðir

Rekstur ársins 2023 gekk vel og var í takt við áætlun. Afkoma ársins var þó betri en áætlun gerði ráð fyrir en á árinu var úthlutað lóð á Kleppssvæði til Reykjavíkurborgar. Endurkoma skemmtiferðaskipa eftir að heimsfaraldri lauk skilaði tekjuaukningu þeirri sem gert var ráð fyrir í áætlunum

og gott betur. Lítils háttar samdráttur var í vöruflutningum um höfnina, bæði í inn- og útflutningi en vörugjöld eru áfram helsta tekjulind félagsins.

Á árinu var bygging nýrrar 5.000 fm. farþegamiðstöðvar á Skarfabakka boðin út og eru framkvæmdir við hana hafnar. Áætlað er að miðstöðin verði tekin í notkun fyrir sumarvertíðina 2026. Byggingin mun valda þáttaskilum í aðstöðu við móttöku ferðamanna með skemmtiferðaskipum, sér í lagi þeirra skipa sem stunda hér farþegaskipti. Heildarfjárfesting með búnaði er áætluð á fjórða milljarð króna. Tekjuauki vegna þeirra farþegaskipta sem koma til vegna þessarar aðstöðu er ætlað að bera fjárfestinguna.

Fyrsta landtenging farþegaskips í höfnum Faxaflóahafna sf. fór fram við Faxagarð í Gömlu höfninni á haustmánuðum. Í kjölfarið var tekin ákvörðun að framlengja tengingar úr spennustöðinni á Faxagarði yfir á Miðbakka sem leiðir til þess að öllum skipum sem í gömlu höfnina koma býðst að tengjast. Þetta er mikið framfaraskref, enda er gamla höfnin inn í miðju þéttbýli þar sem loftgæði skipta miklu máli.

Framkvæmdir við endurnýjun og lengingu aðalhafnargarðsins í Akraneshöfn fóru á fullt á árinu. Vonast er til að þeim ljúki næsta vetur. Verður þá komin bætt aðstaða fyrir stærri skip og vonandi betra skjól fyrir úthafsöldunni sem stundum hefur verið til vandræða innan hafnarmynnisins.

Í upphafi árs undirrituðu eigendur Faxaflóahafna nýjan sameignarfélagssamning fyrir félagið. Í honum er m.a. kveðið á um skipan sjö manna stjórnar en stjórnarmenn voru átta áður. Jafnframt er þar tilgreint að þrír skulu vera óháðir

Faxaflóahöfnum og eigendum þeirra. Í kjölfarið var kjörin ný stjórn þar sem fimm nýir einstaklingar tóku sæti.

Megináhætta og óvissuþættir

Hagsveiflan hefur töluverð áhrif á tekjummyndun í félaginu þar sem vörugjöld af innflutningi eru veigamikil tekjulind. Áföll í ferðapjónustu vegna heimsviðburða s.s. farsóttu og stríðsátaka geta einnig valdið fyrirtækinu búsifjum þar sem þjónusta við komur skemmtiferðaskipa er orðin veigamikill og vaxandi þáttur starfseminnar. Netárásir og alvarlegar bilanir í upplýsingatæknikerfum eru einnig áhættuþáttur sem mikilvægt er að vakta vel enda er það stefna Faxaflóahafna sf. að reka snjallar hafnir.

Ein af stefnuáherslum Faxaflóahafna sf. eru grænar hafnir sem felur í sér vilja og skuldbindingu um að vinna að minni mengun og bættu umhverfi í höfnum okkar samfara aukinni umferð um hafnirnar. Ásamt vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi sem nær til allrar starfsemi Faxaflóahafna sf., hefur félagið, fyrst hafna utan Noregs, innleitt umhverfiseinkunnarkerfi (EPI) sem heldur utan um umhverfisspor skemmtiferðaskipa á meðan á viðkomu stendur. Kerfið kemur á fjárhagslegum hvata eða álögum eftir umhverfishegðun skipa á hafnarsvæði Faxaflóahafna sf. á meðan viðkomu stendur og hvetur þannig til umhverfisvænni rekstrar skemmtiferðaskipa, samhliða því að draga úr ávinningi við að koma til hafna með mengandi skip.

Eigendur í upphafi og lok tímabilsins eru:

Reykjavíkurborg.....	75,5551%
Akraneskaupstaður.....	10,7793%
Hvalfjarðarsveit.....	9,3084%
Borgarbyggð.....	4,1356%
Skorradalshreppur.....	0,2216%

Þessi ársreikningur sýnir að afkoma og fjárhagsstaða félagsins er sterk og að mati hafnarstjórnar og hafnarstjóra hafa ekki komið fram vísendingar við undirritun ársreikningsins að vafi kunni að leika á rekstrarhæfi félagsins. Hafnarstjóri og hafnarstjórn staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. apríl 2024

Stjórn:

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
Hildur Björnsdóttir
Már Másson
Ragnheiður H. Ma gnúsdóttir
Guðmundur Ingþór Guðjónsson
Helga Harðardóttir
Páll Brynjarsson

Hafnarstjóri:

Gunnar Tryggvason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa félagsins Faxaflóahafnir sf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning félagsins Faxaflóahafnir sf. fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og hafnarstjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar teljast til að mynda skýrsla stjórnar og hafnarstjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlistri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og hafnarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og hafnarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og hafnarstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og hafnarstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og hafnarstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við

alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitungu við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglegra tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur

vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við lýsum því yfir að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Theodór S. Sigurbergsson

löggiltur endurskoðandi

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík

30. apríl 2024

Rekstrareikningur 2023

Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur		
Sala á vöru og þjónustu.....	5.639.035	5.159.160
	<u>5.639.035</u>	<u>5.159.160</u>
Rekstrargjöld		
Laun og tengd gjöld..... 3	(1.700.580)	(1.456.800)
Rekstrarkostnaður 3	(2.122.308)	(1.639.597)
Afskriftir 5	(973.680)	(857.161)
	<u>(4.796.568)</u>	<u>(3.953.558)</u>
Hagnaður fyrir fjármagnsliði.....	842.467	1.205.601
Fjármagnsliðir		
Fjármunatekjur	268.738	99.889
Gengismunur	5.517	(1.546)
	<u>274.255</u>	<u>98.343</u>
Hagnaður af reglulegri starfsemi	1.116.722	1.303.944
Óreglulegir liðir		
Lóðaúthlutun.....	420.000	0
Hagnaður vegna sölu Hafnarhúss	0	2.069.351
	<u>420.000</u>	<u>2.069.351</u>
Hagnaður af reglulegri starfsemi	<u>1.536.722</u>	<u>3.373.295</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir og lóðir		2.683.424	2.513.490
Hafnir og mannvirki		9.668.236	9.493.676
Gatnakerfi		601.820	597.600
Bátar, bifreiðar, áhöld og tæki		1.215.781	1.106.573
Varanlegir rekstrarfjármunir	5	<u>14.169.262</u>	<u>13.711.340</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	6	78.950	78.950
Langtímakröfur	7	<u>11.492</u>	<u>31.922</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur		<u>90.443</u>	<u>110.872</u>
		Fastafjármunir	13.822.212
		<u>14.259.705</u>	<u>13.822.212</u>
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur		349.111	291.203
Næsta árs afborganir langtímakrafna	7	22.985	44.311
Aðrar kröfur		0	2.100
Kröfur á tengd félög		0	984.800
Handbært fé:			
Sjóður og bankainnstæður		<u>4.050.817</u>	<u>3.684.917</u>
		Veltufjármunir	5.007.332
		<u>4.422.913</u>	<u>5.007.332</u>
		Eignir alls	18.829.544
		<u>18.682.618</u>	<u>18.829.544</u>
Eigið fé og skuldir			
Óráðstafað eigið fé		18.122.649	18.231.927
	Eigið fé 8	<u>18.122.649</u>	<u>18.231.927</u>
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		559.968	597.616
	Skuldir alls	<u>559.968</u>	<u>597.616</u>
		Eigið fé og skuldir alls	18.829.544
		<u>18.682.618</u>	<u>18.829.544</u>
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings	9		

Sjóðstreymi ársins 2023

Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður ársins	1.536.722	3.373.295
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi		
Afskriftir 5	973.680	857.161
Sölutap (hagnaður)	(420.000)	(2.077.115)
Verðbætur skuldabréfaeign	(2.706)	(11.044)
	<u>2.087.695</u>	<u>2.142.296</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímafröfur, (hækkun) lækkun	(56.008)	53.884
Skammtímaskuldir, lækkun (hækkun)	(37.648)	149.206
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum	<u>(93.656)</u>	<u>203.091</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>1.994.040</u>	<u>2.345.387</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum	(1.431.602)	(1.008.683)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	1.405.000	1.110.405
Afborganir langtímakrafna	44.463	94.606
Fjárfestingarhreyfingar	<u>17.860</u>	<u>196.329</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Úttekt eigenda	(1.646.000)	(766.000)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(1.646.000)</u>	<u>(766.000)</u>
Hækkun á handbæru fé	365.900	1.775.716
Handbært fé í ársbyrjun	3.684.917	1.909.201
Handbært fé í lok árs	<u>4.050.817</u>	<u>3.684.917</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Faxaflóahafnir sf. annast rekstur hafna og hafnarsvæða á Akranesi, í Borgarnesi, á Grundartanga og í Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferð og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum. Ársreikningurinn er hluti af samstæðuársreikningi Reykjavíkurborgar. Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Breytt framsetning

Framsetningu rekstrarreiknings hefur verið breytt frá sama tímabili fyrra árs. Breytingin felst í því að rekstrargjöld er nú flokkuð eftir tegund kostnaðar en voru áður flokkuð eftir kostnaðarstað. Það er mat stjórnenda félagsins að breytt flokkun gefi gleggri mynd af rekstrargjöldum félagsins. Framsetningu samanburðarfjárhæða í rekstrarreikningi hefur verið breytt til samræmis.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Verðlags- og gengisviðmið

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í ársreikninginn. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2024. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi Seðlabanka Íslands í lok árs 2023. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til.

Skráning tekna

Tekjur af leigu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Eignatekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur af leigu og þjónustu er framsettar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Skattamál

Félagið er undanþegið tekjuskattskyldu og hafnarsjóðir eru undanþegnir hvers konar sköttum af hafnar-mannvirkjum.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar í félögum, öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum eru metnir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum

Eignarhlutar í félögum eru metnir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Eignarhlutar í dótturfélögum eru ekki færðir m.v. hlutdeildaraðferð og ekki gerð samstæða þar sem áhrif félaganna eru óveruleg.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Í rekstrarreikningi ársins eru gjaldfærðar 8,6 millj. kr. vegna lækkunar niðurfærslu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2023	2022
Laun	1.346.116	1.163.923
Lífeyrissjóðsgjöld	211.717	183.583
Önnur launatengd gjöld	147.635	113.950
Eignfærður launakostnaður	(4.887)	(4.656)
Eignfærður launakostnaður	<u>1.700.580</u>	<u>1.456.800v</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	<u>76</u>	<u>78</u>

Launagreiðslur til stjórnenda félagsins:

Laun til stjórnar og hafnarstjóra	55.628	47.500
---	--------	--------

4. Niðurfærsla viðskiptakrafna

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum og nemur niðurfærslan 25,6millj. kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum kröfum í árslok í efnahagsreikningi. Niðurfærsla krafna greinist þannig:

	2023	2022
Niðurfærsla í ársbyrjun	18.395	47.355
Tapaðar kröfur á árinu	(1.379)	(10.191)
Gjaldfærð (tekjufærð) niðurfærsla á árinu	8.624	(18.769)
Niðurfærsla í árslok	<u>25.641</u>	<u>18.395</u>

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

	FASTEINGIR OG LÓÐIR	HAFNIR OG MANNVIRKI	GATNAKERFI	BÍLAR BÁTAR OG TÆKI	SAMTALS
Heildarverð 1.1.2023	7.131.624	22.147.949	1.198.051	2.441.964	32.919.589
Afskrifað áður	<u>(4.618.134)</u>	<u>(12.716.373)</u>	<u>(600.451)</u>	<u>(1.273.301)</u>	<u>(19.208.259)</u>
Bókfært verð 1.1.2023	2.513.490	9.431.576	597.600	1.168.664	13.711.330
Viðbót á árinu	252.841	881.454	52.934	244.384	1.431.613
Afskrifað á árinu	<u>(82.907)</u>	<u>(644.793)</u>	<u>(48.714)</u>	<u>(197.266)</u>	<u>(973.680)</u>
Bókfært verð 31.12.2023	<u>2.683.424</u>	<u>9.668.236</u>	<u>601.820</u>	<u>1.215.781</u>	<u>14.169.262</u>

Fjárhæðir eru í þús.kr.

	FASTEINGIR OG LÓÐIR	HAFNIR OG MANNVIRKI	GATNAKERFI	BÍLAR BÁTAR OG TÆKI	SAMTALS
Heildarverð 31.12.2023	7.384.465	23.029.403	1.250.986	2.686.348	34.351.201
Afskrifað samtals 31.12.2023	(4.701.041)	(13.361.166)	(649.165)	(1.470.567)	(20.181.939)
Heildareign 31.12. 2023	<u>2.683.424</u>	<u>9.668.236</u>	<u>601.820</u>	<u>1.215.781</u>	<u>14.169.262</u>
Afskriftarhlutföll	2,5-4%	4-10%	4%	10-20%	

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins greinist þannig:

	FASTEIGNAMAT 31.12.2023	VÁTRYGGINGAMAT 31.12.2023
Fasteignir	7.020.090	8.770.851
Lóðir	45.361.2540	0
Bátar	0	1.437.101
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	0	1.138.219
	<u>52.381.344</u>	<u>11.346.171</u>

6. Eignarhlutar í félögum

Hlutabréf í eigu félagsins Faxaflóahafnir sf. greinast þannig:

	EIGNARHLUTUR	NAFNVERÐ	BÓKFÆRT VERÐ
Aflvaki hf., Reykjavík	7,6%	608	719
Halakot ehf., Reykjavík	100,0%	2.000	2.000
Vatnsveitufélag Hvalfjarðarsveitar sf., Akranes	50,0%	25.500	75.481
Þróunarfélag Grundartanga ehf., Grundartanga	16,7%	750	750
			<u>78.950</u>

Faxaflóahafnir sf. er helmingseigandi að Vatnsveitu Hvalfjarðarsveitar sf., en tilgangur félagsins er öflun vatns vegna starfsemi á Grundartanga og í svonefndu Hagamelshverfi. Skuldbindingar Vatnsveitu Hvalfjarðarsveitar í árslok nema um 1,7 millj.kr. Faxaflóahafnir bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins.

7. Langtímakröfur

Yfirlit yfir langtímakröfur:

	2023	2022
Skuldabréf	34.477	76.233
Næsta árs afborgun	(22.985)	(44.311)
	<u>11.492</u>	<u>31.922</u>

Langtímakröfur greinast þannig:

	2023	2022
Verðtryggð lán bundin NVT til verðtryggingar	34.477	76.233
	<u>34.477</u>	<u>76.233</u>

Afborganir af skuldabréfaeign greinast þannig á næstu ár:

	2023	2022
Árið 2024 / 2023	22.985	44.311
Árið 2025 / 2024	11.492	21.281
Árið 2026 / 2025	0	10.641
	<u>34.477</u>	<u>76.233</u>

8. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	2023	2022
Óráðstafað eigð fé í upphafi árs	18.231.927	15.624.632
Úttekt eigenda	(1.646.000)	(766.000)
Hagnaður ársins	1.536.722	3.373.295
Eigið fé 31.12.2023	<u>18.122.649</u>	<u>18.231.927</u>

9. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Aðrar skammtímaskuldir

Skuldbindingar vegna verksamninga sem ólokið er um áramótin námu um 603,4 millj. kr. í árslok 2023.

Húsaleiguskuldbinding

Félagið er með húsnæði á leigu. Samningurinn er ótímabundinn en gagnkvæmur uppsagnarfrestur er sex mánuðir. Skuldbinding vegna hans nemur 33,4 millj.kr. í árslok.

10. Tengdir aðilar

Viðskipti við tengd félög árið 2023:

	KEYPT ÞJÓNUSTA LEIGA OG VÖRUR	SELD ÞJÓNUSTA LEIGA OG VÖRUR	KRÖFUR	SKULDIR
Reykjavíkurborg	199.205	18.470	5.262	2.555
Systurfélög	228.371	556	3	12.280
Aðrir tengdir aðilar	10.255	917	742	340
	<u>437.831</u>	<u>19.943</u>	<u>6.007</u>	<u>15.175</u>

Á árinu 2023 var úthlutuð lóð til Reykjavíkurborgar á Kleppsvæði, 420 m.kr. og var hún greidd á tíma-
bilinu

11. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til ytri endurskoðenda félagsins á árinu 2023 nam 4,7 millj. kr. (2022: 4,1 millj. kr.).

12. Atburðir eftir reikningsskiladag

Í febrúar 2024 var undirritaður samningur um byggingu á nýrri fjölnota farþegamiðstöð Faxaflóahafna
á Skarfabakka í Sundahöfn. Samningsupphæðin er 3,7 ma.kr. með virðisaukaskatti.

Sundurliðanir ársins 2023

	2023	2022
13. Sala vöru og þjónustu		
Vörugjöld	1.508.494	1.623.606
Aflagjöld	220.044	273.695
Skipagjöld	1.092.111	636.207
Farþegagjald	112.392	69.080
Eignatekjur	1.201.034	1.146.706
Hafnarþjónusta	1.048.049	941.461
Siglingavernd	451.610	453.987
Aðrar tekjur	5.300	14.419
Sala vöru og þjónustu	5.639.035	5.159.160

14. Laun og tengd gjöld

Laun	875.151	768.964
Yfirvinna	303.830	260.742
Vaktaálag	153.194	123.895
Bílastyrkur og greiddur akstur	13.941	10.322
Dagpeningar	2.284	0
Fæðispeningar	8.309	8.431
Tryggingagjald	99.466	86.059
Lífeyrissjóðsgjöld	211.717	183.583
Önnur launatengd gjöld	34.304	19.461
Eignfærður launakostnaður	(4.887)	(4.656)
Styrkir og framlög til starfsmanna	3.271	0
Sala vöru og þjónustu	1.700.580	1.456.800

Stöðugildi að meðaltali	76	78
-------------------------------	----	----

Rekstrarkostnaður

15. Starfsmannatengdur kostnaður

Námskeið og ráðstefnur	1.404	2.057
Vinnufatnaður	5.832	6.240
Slysatryggingar	11.982	4.434
Annar starfsmannakostnaður	31.418	38.093
Sala vöru og þjónustu	50.637	50.824

16. Vörur og aðkeypt þjónusta

Vörur og þjónusta	159.861	145.065
Áhöld og tæki	2.488	37.829
Verktakaþjónusta	398.696	273.078
Öryggisþjónusta	329.540	263.506
Rafmagn til endursölu	70.098	80.386
Aðkeyptur akstur	82.501	21.817
Sorp, förgun, úrgangur	20.255	20.658
Vörur og aðkeypt þjónusta	1.063.439	842.338

17. Húsnæði í útleigu

Rafmagn og kalt og heitt vatn	85.018	64.769
Viðhald og viðgerðir	146.409	97.353
Skattar og tryggingar	129.659	152.971
Húsnæði í útleigu	361.085	315.094

18. Bílar, bátar og vinnuvélar

Bensín, olíur og aðrir orkugjafar	70.064	43.713
Skattar og tryggingar.....	8.646	14.627
Viðhald og viðgerðir	81.860	85.321
Bílar, bátar og vinnuvélar	160.569	143.661

19. Skrifstofa og stjórnun

Skrifstofuvörur.....	31.808	17.564
Hreinlætisvörur og þrif	23.811	10.549
Rekstur kaffistofu	13.540	4.169
Ferðakostnaður	9.160	2.280
Rekstur bifreiða	3.708	0
Fundarkostnaður	2.803	0
Félags- og aðildagjöld.....	5.206	5.485
Upplýsingatæknikostnaður	80.901	15.466
Skattar og tryggingar	1.660	18.063
Annar stjórnunarkostnaður	8.624	(15.749)
Skrifstofa og stjórnun	181.221	57.827

20. Húsnæði í eigin notkun

Húsaleiga	70.304	30.776
Rafmagn og kalt og heitt vatn.....	14.623	0
Viðhald og viðgerðir	30.681	11.738
Skattar og tryggingar	20.385	0
Húsnæði í eigin notkun	135.993	42.515

21. Kynningarmál

Auglýsingar	8.653	14.264
Markaðsmál	21.339	1.251
Ráðstefnur	3.513	23.824
Styrkir og framlög	49.325	36.879
Kynningarmál	82.830	76.218

22. Sérfræðipjónusta

Rannsóknir og mengunarvarnir	8.794	2.169
Ýmis sérfræðipjónusta	48.163	87.683
Reikningsleg aðstoð	5.559	5.306
Lögfræðiaðstoð	24.017	15.962
Sérfræðipjónusta	86.534	111.120

2023



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports